

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

25. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2020, föstudaginn 15. maí kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Samúel Kristjánsson, Örn Elías Guðmundsson, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa G. Borgarsdóttir og Elín Birna Guðbjargardóttir Gylfadóttir.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson setti fundinn.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2019.
2. Fjarlægðir milli eldissvæða óskyldra aðila – Háafell. Umsögn.
3. Erindi frá Björgunarsveitinni Kofra.
4. Umsagnarmál, fundargerðir o.fl.
5. Skipan fulltrúa og skipan í nefndir.
6. Skýrsla sveitarstjóra.

Afgreiðsla erinda:

1. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2019.

2. Fjarlægðir milli eldissvæða óskyldra aðila – Háafell. Umsögn.

Súðavíkurhreppur hefur ekki forsendur til þess að meta lágmarksfjarlægð milli eldisstöðva óskyldra aðila, en leggst ekki gegn því að styrra sé á milli eldissvæða en 5 km.

Súðavíkurhreppur setur ekki fyrirvara við að styrra sé á milli að því gefnu að forsendur leyfi það og viðkomandi stofnanir.

3. Erindi frá Björgunarsveitinni Kofra.

Sveitarstjórn er einhuga um að styrkja Bj.sv. Kofra vegna verkefnisins og gera samning um verkefnið.

4. Umsagnarmál, fundargerðir o.fl.

Mál lögð fram til kynningar, yfirlesin.

Vegna kynningar á gerð strandsvæðaskipulags: Súðavíkurhreppur fagnar fyrihuguðu skipulagi hafs- og stranda eins og það er kynnt, en hefur áhyggjur af því hvernig verði leyst úr skörun sem fyrirsjáanlega á sér stað m.a. inn á yfírráðasvæði hafnar og því hver beri kostnað eða ákvörðunarvald um það sem þegar hefur verið leyft innan skipulagssvæðis.

5. Skipan fulltrúa og skipan í nefndir.

Eftirtaldir voru skipaðir í stjórnir félaga:

- a. Fasteignafélagið Langeyri ehf. – varamenn í stjórn: Örn Elías Guðmundsson og Jónína Guðmundsdóttir.
- b. Grundarstræti ehf. – aðalmaður í stjórn: Snorri G. Bergsson; varamaður í stjórn Eva Rós Gunnarsdóttir.
- c. Fasteignafélag Súðavíkur ehf. – framkvæmdsastjóri; Bragi Þór Thoroddsen, aðalmenn í stjórn; Ásgeir Hólm Agnarsson og Anne Berit Vikse. Varamenn í stjórn: Jónas Jónbjörnsson og Sigurdís Samúelsdóttir.


Skipan sveitarstjórnarfulltrúa; Steini Inga Kjartanssyn veitt leyfi frá störfum tímabundið að eigin ósk. Varamaður taki hans sæti og skipað í nefndir eftir þörfum.

6. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjórn samþykkir heilt stöðugildi til umsjónar og reksturs Raggagarðs í sumar, júní, júlí og til loka ágúst 2020 samkvæmt nánara samkomulagi um önnur tilfallandi störf.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:06

  
Elsa G. Borgarsdóttir

  
Karl Guðmundur Kjartansson

  
Örn Elías Guðmundsson

  
Elín Birna Guðbjargardóttir Gylfadóttir

  
Samúel Kristjánsson oddviti